

Föstudaginn 2. maí 1997.

Nr. 334/1996.

Þorleifur Geirsson

(Guðjón Ármann Jónsson hdl.)

gegn

Þrotabúi Gamms hf.

(Jóhann H. Níelsson hrl.)

og gagnsök

Samningur. Tómlæti. Sönnun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. september 1996. Hann krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 1.503.893 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af nánar tilgreindum fjárhæðum frá 1. október 1993 til greiðsludags að frádreginni innborgun, að fjárhæð 105.000 krónur, sem aðaláfrýjandi miðar við, að hafi verið innt af hendi 1. nóvember 1993. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Honum var veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti 16. september 1996.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði fyrir sitt leyti með stefnu 25. október 1996. Hann krefst staðfestingar héraðsdóms að öðru leyti en um málskostnað, sem hann krefst úr hendi aðaláfrýjanda á báðum dómstigum.

Af hálfu gagnáfrýjanda er á því byggt, að þrátt fyrir ákvæði um þriggja ára gildistíma í svokölluðum starfssamningi við aðaláfrýjanda 7. september 1993 hafi hann látið af störfum í lok þess árs. Hann hafi starfað sem verktaki og fengið greitt árið 1993 fyrir þá óreglulegu vinnu, sem hann lagði af mörkum. Gagnstætt þessu heldur aðaláfrýjandi því fram, að hann hafi starfað allt fram í maí 1994, þegar honum var sagt upp störfum, og ekki fengið greidd laun umfram þá innborgun árið 1993, sem greinir í kröfugerð hans. Hann krefst í málinu vangoldinna launa fyrir þetta tímabil, launa í uppsagnarfresti og tiltekna aðra liði, sem nánar greinir í héraðsdómi.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að aðaláfrýjandi hafi

nokkuð gert til að halda fram kröfunni, sem hann gerir í málinu, fyrr en með innheimtubréfi 26. apríl 1995. Framburður vitna, sem aðaláfrýjandi leiddi fyrir héraðsdómi, var ekki afdráttarlaus um lengd starfstíma hans eða vinnuframlag. Ekki nýtur við frekari gagna til styrktar því, sem aðaláfrýjandi heldur fram í þeim efnum. Þegar alls þessa er gætt, verður ekki fallist á, að aðaláfrýjanda hafi tekist að hnekkja framangreindri staðhæfingu gagnáfrýjanda. Verður því staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu gagnáfrýjanda af kröfum aðaláfrýjanda.

Eftir atvikum er rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti. Um gjafsóknarkostnað aðaláfrýjanda fer eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda, Þorleifs Geirssonar, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, 125.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Gunnlaugs Claessen

Aðaláfrýjandi reisir kröfur sínar í málinu á samningi milli sín og Óðins hf., flugfélags, sem dagsettur er 7. september 1993. Ber hann yfirskriftina starfssamningur. Er í upphafi hans tekið fram, að félagið geri með honum starfssamning við aðaláfrýjanda. Er starfssvið hans skilgreint sem almenn vinna og viðhaldsvinna á eignum félagsins á Íslandi og Grænlandi. Skyldi samningurinn vera til þriggja ára og taka gildi 20. september 1993. Fram kemur, að föst umsamin laun séu 100.000 krónur á mánuði, en að auki greiði félagið verkfærastyrk eftir samkomulagi. Samninginn undirritaði fyrir hönd félagsins Jón Helgason, framkvæmdastjóri þess, en hann hafði jafnframt prókúruumboð og átti sæti í stjórn félagsins. Telur aðaláfrýjandi, að um vinnusamning hafi verið að ræða, en ekki verksamning. Sé það í samræmi við fyrra samningssamband sitt við félagið á árunum 1991–1992, þegar hann starfaði þar óumdeilt sem launþegi.

Gagnáfrýjandi hefur gefið þá skýringu á gerð samningsins, að aðaláfrýjandi hafi sagst þurfa að sýna fram á, að hann væri í vinnu, vegna umsóknar sinnar um lán í banka. Þessari skýringu hefur aðaláfrýjandi mótmælt, og hefur hún enga stoð í málinu. Fallast ber á, að með þessu hafi verið stofnað til vinnusamnings með aðaláfrýjanda og nefndu félagi. Einhliða aðgerðir félagsins eftir það til að túlka hann sem verksamning fá þessu ekki breytt, enda er ljóst, að aðaláfrýjandi samþykkti ekki slíka breytingu á samningssambandi þeirra. Þannig taldi hann greiðslur frá félaginu árið 1993 fram til skatts sem vinnulaun 1994, en ekki sem verktakagreiðslur, þótt félagið hafi á launamiða skýrt greiðslur til hans með þeim hætti.

Óumdeilt er, að aðaláfrýjandi starfaði í þágu vinnuveitanda síns fram í desember 1993, þótt sú vinna hafi ekki verið samfelld vegna verkefnaskorts. Slík hlé á störfum telur aðaláfrýjandi hafa verið á áhættu vinnuveitanda og ekki geta skert rétt sinn til launa samkvæmt samningnum. Framburður tveggja fyrrum samstarfsmanna aðaláfrýjanda hjá félaginu rennir einnig stoðum undir staðhæfingu hans um, að hann hafi áfram verið þar við störf fram eftir vetri 1994. Framburður þeirra er þó ekki afdráttarlaus um, hvenær störfum hans lauk endanlega.

Af hálfu gagnáfrýjanda er á því byggt, að forráðamaður Óðins hf., flugfélags, hafi munnlega samið við aðaláfrýjanda um, að hann hætti störfum í desember 1993, og hann hafi engin störf innt af hendi í þágu félagsins eftir það. Gegn mótmælum aðaláfrýjanda teljast þær staðhæfingar ósannaðar, en óhjákvæmilegt er, eins og málið liggur fyrir, að meta þann sönnunarskort gagnáfrýjanda í óhag.

Aðaláfrýjandi beindi ekki formlegri kröfu vegna ógreiddra launa að félaginu fyrr en með bréfi lögmanns hans 26. apríl 1995. Fyrir dómi kvaðst hann hafa margsinnis kafið forráðamenn félagsins um efndir, meðan hann var enn við störf, en þeir jafnan borið við fjárskorti. Eru ekki efni til að taka til greina þá málsástæðu gagnáfrýjanda, að aðaláfrýjandi hafi með tómlæti glatað rétti til að krefjast launa samkvæmt vinnusamningnum, enda hefur ekki verið sýnt fram á, að forráðamenn félagsins hafi haft réttmæta ástæðu til að treysta, að slík krafa yrði ekki gerð, hvorki vegna aðgerðaleysis aðaláfrýjanda né annarra atvika.

Samkvæmt framansögðu tel ég, að taka eigi til greina kröfu aðaláfrýjanda um greiðslu launa samkvæmt samningnum og laun í uppsagnarfresti. Ég tel jafnframt, að dæma eigi gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Með því að meiri hluti dómenda hefur komist að annarri niðurstöðu, verður ekki tekin afstaða til fjárhæðar kröfu aðaláfrýjanda eða málskostnaðar.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 4. júní 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. maí sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Þorleifi Geirssyni, kt. 311052-2729, Bauganesi 42, Reykjavík, á hendur Óðni hf., flugfélagi, kt. 700889-1309, Reykjavíkurflugvelli, með stefnu, birtri 24. maí 1995.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 1.503.893 krónur, með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 [...], allt að frádreginni innborgun, að fjárhæð 105.000 kr., 1. 11. 1993. Auk þess krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda [...].

Dómkröfur varnaraðila, þrotabús Gamms hf. (áður Óðinn hf., flugfélag), sem tók við aðild að málinu skv. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 91/1991 af stefnda við upphaf aðalmeðferðar, eru aðallega að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði stórlækkaðar. Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefnandi verði dæmdur til að greiða varnaraðila málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti að mati dómsins.

I.

Stefnandi tíundar málsástæður og málsatvik á þann veg, að hann og stefndi hafi 7. september 1993 gert með sér starfssamning. Með samningnum hafi stefnandi verið ráðinn til starfa hjá stefnda frá og með 20. september 1993, og skyldi hann starfa að almennri vinnu og viðhaldsvinnu á eignum stefnda bæði á Íslandi og Grænlandi. Mánaðarlaun hafi verið ákveðin 100.000 krónur, en verkfærastyrk vegna nota stefnanda á eigin verkfærum og aðstöðu við vinnu sína skyldi greiða skv. samkomulagi. Starfssamningurinn hafi verið tímabundinn, og skyldi hann gilda þrjú ár.

Stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi ekki greitt sér nein laun skv. þessum samningi nema 80.000 krónur í lok október 1993 og 25.000 krónur í nóvember 1993, og þegar hann hafi verið búinn að starfa hjá stefnda fram í maí 1994, hafi Jytte Th. Marcer Jónsson, þáverandi framkvæmdastjóri stefnda, óskað eftir því, að hann hætti störfum þá strax, þar sem ekki væru næg verkefni hjá stefnda til að hafa hann í vinnu. Stefnandi kveðst hafa orðið við þessari ósk framkvæmdastjórans og hætt störfum hjá stefnda.

Stefnandi telur sig eiga ótvíræðan rétt til launa fyrir það tímabil, sem hann vann hjá stefnda. Hann telur sig einnig eiga kröfu á launum í þrjá mánuði eftir uppsögn sem bætur fyrir það rask og þá óvissu, sem hin óvænta uppsögn hafi valdið honum. Launakrafa hans nemi því samtals 1.133.000 krónum.

Til viðbótar telur stefnandi sig eiga rétt á greiðslu svonefnds verkfæragjalds, 15.000 krónur á mánuði, sama tíma og launin séu miðuð við, samtals 170.000 krónur. Þá krefst stefnandi, að varnaraðili greiði sér lögbundna hlutdeild vinnuveitanda í iðgjald til lífeyrissjóðs (6% launa), samtals 67.980 krónur, og greiðslu, sem vinnuveitanda beri að greiða í sjúkra- og orlofs-sjóð skv. kjarasamningi á almennum markaði (1,25% launa), samtals 14.163 krónur. Stefnandi kveðst enn fremur eiga hjá varnaraðila ógreitt orlof fyrir þann tíma, sem hann starfaði hjá honum. Stefnandi krefst orlofs, sem miðist við tuttugu og tvo áunna orlofsdaga, samtals 118.750 krónur.

Um lagarök vísar stefnandi til þeirra meginreglna samningaréttar, að samninga skuli efna. Þá vísar hann til laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda og laga nr. 30/1987 um orlof. Kröfu um dráttarvexti kveðst stefnandi reisa á III. kafla laga nr. 25/1987, en kröfu um málskostnað á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 og kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað á lögum nr. 50/1988.

II.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að stefnandi hafi tekið til starfa hjá stefnda sem verktaki 1. október 1993 og unnið með hléum hjá honum þar til um miðjan desember 1993, en þá hafi orðið að samkomulagi, að stefnandi hætti störfum, m. a. vegna verkefnaskorts. Jafnframt því, að stefnandi hafi hætt störfum hjá stefnda með fullu samkomulagi, er því haldið fram af hálfu varnaraðila, að aðilar hafi verið á eitt sáttir um, að stefnandi hefði fengið að fullu greitt fyrir störf sín hjá stefnda og hvorugur ætti kröfu á hinn vegna starfsloka stefnanda hjá stefnda.

Af hálfu varnaraðila er staðhæft, að stefnandi hafi ekki haft uppi neinar kröfur um ógreidd laun á hendur honum fyrr en með bréfi lögmanns stefnanda 26. apríl 1995. Þá er staðhæft, að starfssamningur á dskj. nr. 3 sé þannig til kominn, að stefnandi hafi verið að sækja um lánaþyrirgreiðslu í banka og af þeim sökum þurft að sýna fram á, að hann væri í vinnu. Jón Helgason, sem þá hafi setið í stjórn stefnda, hafi þá að beiðni stefnanda undirritað þennan svokallaða starfssamning. Þá segir, að Jón Helgason hafi enga heimild haft til að binda stefnda með þessum hætti.

Varakrafa varnaraðila er í fyrsta lagi á því reist, að stefnandi hafi starfað annars staðar en hjá stefnda frá því í janúar 1994 og til 1. september 1994; í

öðru lagi hafi stefnandi fyrirgert rétti til skaðabóta vegna ætlaðrar ólög-
mætrar brottvikningar úr starfi fyrir tómlæti; í þriðja lagi sé stefnandi ekki
réttur aðili að kröfum vegna 6% iðgjalds vinnuveitanda til lífeyrissjóðs eða
1,25% af launum í sjúkra- og orlofssjóð. Þá mótmælir varnaraðili því, að
samið hafi verið um greiðslu verkfærastyrks, enda hafi stefnandi unnið með
verkfærum frá stefnda. Sérstaklega er mótmælt dráttarvaxtakröfu stefn-
anda, en af hálfu varnaraðila er talið, að kröfur stefnanda beri vexti skv. 7.
gr. vaxtalaga nr. 25/1987 til dómsuppsögu, en þá fyrst gætu dráttarvextir
komið til álita. Varnaraðili reisir málskostnaðarkröfu á XXI. kafla laga nr.
91/1991.

III.

Niðurstaða.

Stefnandi kom fyrir réttinn. Kvaðst hann hafa reynt að innheimta van-
greidd laun sín hjá stefnda sjálfur, þegar Helgi Jónsson og Jytte Th. Mercer
Jónsson, stjórnarmenn stefnda, sögðu honum upp starfi í maí 1994. Hann
kvaðst hafa haldið að sér höndum síðan við að innheimta launin, þar sem
hann hefði óttast, að hann myndi tapa bjarndýrsskinni, sem var í verkun í
Danmörku, ef hann beitti sér við innheimtuna, en strax og skinnið var
komið í sínar hendur, þ. e. skömmu áður en lögmaður hans sendi inn-
heimtubrésið, dags. 26. apríl 1995 (dskj. nr. 4), hefði hann gert kröfu. Helgi
Jónsson og Jytte Th. Mercer Jónsson báru á hinn bóginn fyrir réttinum, að
stefnandi hefði aldrei á málgað við þau, að hann ætti vangreidd laun hjá
stefnda eftir að hann hætti störfum hjá stefnda (í desember 1993 að þeirra
sögn), þau hefðu fyrst orðið þess áskynja, að hann teldi sig eiga slíka kröfu,
með bréfi lögmanns stefnanda 26. apríl 1995.

Gegn andmælum varnaraðila hefur stefnandi ekki sýnt fram á, að hann
hafi gert reka að því að innheimta umdeild laun, sem hann telur, að van-
höld hafi verið á, að hann fengi greidd, frá 1. október 1993, sbr. stefnukröfu
um dráttarvexti, fyrr en með bréfi, dags. 26. apríl 1995. Verður að telja
þetta slíkt tómlæti, að sýkna beri varnaraðila af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum er rétt, að hvor aðila um sig beri sinn kostnað af málinu.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, þrotabú Gamms hf. (áður Óðinn hf., flugfélag), er
sýkn af kröfum stefnanda, Þorleifs Geirssonar. Málskostnaður er
ekki dæmdur.